TR

Tryggingastofnun
Laugavegi 114 | 105 Reykjavík
Sími 560 4400 | tr@tr.is | tr.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 12. maí 2017

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum (innleiðing samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, stjórnsýsla og húsnæðismál – Þingskjal 572 – 439. mál.

Vísað er til tölvubréfs dags. 3. maí 2017 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar um ofangreint lagafrumvarp.

Í greinargerð þeirra er fylgir frumvarpinu kemur fram að endurskoðun laganna er hluti af stærra verkefni sem felur m.a. í sér endurskoðun á lögum um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, sbr. bráðabirgða ákvæði í þeim lögum. Er m.a. horft til að fullgildingar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og færslu ábyrgðar á þjónustu við fatlað fólks frá ríki til sveitarfélaga.

Tryggingastofnun hefur nokkrar athugasemdir við efni frumvarpsins.

Í d. lið 5. gr. frumvarpsins kemur fram lögfesting á notendasamningum sem geta m.a. tekið form beingreiðslusamnings við notanda þjónustunnar. Tryggingastofnun vill árétta að mikilvægt er að tryggt sé í þessum tilfellum að greiðslur þær sem notandi fær frá sveitarfélaginu hafi ekki áhrif á greiðslur Tryggingastofnunar.

Í 6. gr. frumvarpsins er ákvæði sem er nú að finna í 4. mgr. 5. gr. núgildandi laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks, flutt í lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Er það ákvæði að mestu leyti efnislega óbreytt fyrir utan að bætt er við að félagsþjónustunni sé heimilt að annast mat á umönnunarþörf langveikra barna. Myndi þá gilda sama reglan um fötluð og langveik börn að þessu leyti. Tryggingastofnun telur eðlilegt að farið sé með mál fatlaðra og langveikra barna á sambærilegan hátt og gerir ekki athugasemdir við þessar tillögu.

Að lokum vill Tryggingastofnun vekja athygli á því að í greinargerðinni sem fylgdi frumvarpinu, eru upplýsingar um að starfshópurinn, sem vann að frumvarpinu, hefði ekki lagt til neinar breytingar á þeim ákvæðum laganna sem varða fjárhagsaðstoð. Ástæðan var sú að taka þyrfti þann hluta til sérstakrar skoðunar og að þar þyrfti aðkomu annarra aðila en skipuðu starfshópinn. Því hafi verið lagt til að skipaður yrði nýr starfshópur sérstaklega til að skoða fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og samspil hennar við önnur framfærslutryggingakerfi, svo sem almannatryggingar og atvinnuleysistryggingar.

Tryggingastofnun vill taka fram að stofnunin myndi fagna skipun slíks starfshóps og er reiðbúin að koma að störfum hans ef óskað er eftir því.

Virðingarfyllst,

Hermann Ólason staðgengill forstjóra Tryggingastofnunar